



428. fundur Þingvallanefndar

3. október 2016

Fundur haldinn í færeyska herberginu í Alþingishúsinu mánudaginn 3. október 2016. Mættir voru Sigrún Magnúsdóttir formaður, Oddný Harðardóttir, Birgir Ármannsson, Róbert Marshall og Haraldur Einarsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir sérfræðingur sem ritaði fundargerð.

Gestir vegna 1. dagskrárliðar voru Hörður Rögnvaldsson, Sigurður Garðarsson og Þorgeir Jónsson.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Umsókn um afnot af lóð í landi Þingvallabjörgarðs.

Hörður Rögnvaldsson, Sigurður Garðarsson og Þorgeir Jónsson óska eftir lóð og aðstöðu í landi Þingvallabjörgarðs til reksturs veitingahúss við Gjábakka.

Hugmynd þeirra er að byggja veglegt veitingahús fyrir allt að 1200 manns, ásamt bílastæðum og salernisaðstöðu.

Ríkið myndi eignast húsið á umsömdum tíma en áður nefndir aðilar hefðu afnotarétt af eigninni í ákveðinn tíma.

Nefndin telur hugmyndirnar áhugaverðar en að þær falli ekki að gildandi stefnumótun þjóðgarðsins.

2. Önnur mál.

Umræður um forkaupsrétt að húsagrunni, Valhallarstígur nyrðri nr. 7.

Bókun Svandísar og Oddnýjar frá 427. fundi.

Fulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar í Þingvallanefnd lýsa furðu á þeirri ákvörðun meirihlutans að falla frá forkaupsrétti á þeim tveimur sumarbústaðalóðum sem ræddar voru á fundi nefndarinnar þann 27. september. Það er algerlega í ósamræmi við stefnumörkun þjóðgarðsins að nýta ekki forkaupsrétt á staðsetningum sem þessum. Sérstaklega er átalíð að ekki sé neytt forkaupsréttar í tilviki lóðarinnar við Valhallarstíg nyrðri nr. 7, þar sem um er að ræða einstaka staðsetningu sem ætti að vera hafið yfir vafa að félli undir umrædda stefnu þjóðgarðsins. Vissulega kann að vera að um háar fjárhæðir sé að ræða en það hlýtur að teljast óumdeilt að ákvörðun um útgjöld er ekki hjá Þingvallanefnd heldur forsætisráðuneytinu á grundvelli 6. greinar fjárlaga.

Róbert Marshall óskar bókað, að hann sé mjög andvígur þessari niðurstöðu og hefði viljað að Þingvallanefnd nýtti forkaupsrétt sinn.

Samþykkt að fá fagaðila að málinu sem afli upplýsinga um byggingarheimildir og hvernig þær falli að núverandi byggingarskilmálum sem fylgja lóðarleigusamningum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.55.